



Yfirlit yfir stöðu í öldrunarþjónustu og tillögur til að efla þjónustu

Ýmis félagsleg úrræði standa til boða í þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu. Ör fjölgun í hópi eldra fólks er veruleiki sem blasir við. Árið 2020 var hlutfall aldraðra, 67 ára og eldri, í Ísafjarðarbæ 13,8%. Helstu breytingar í aldurssamsetningu í Mannfjöldaspá Hagstofu 2020-2069 eru þær að árið 2037 verður 20% mannfjöldans eldri en 65 ára og árið 2064 yfir 25%. Enn fremur verða þeir sem eru eldri en 65 ára fleiri en þeir sem eru 19 ára og yngri frá árinu 2053, öfugt við það sem nú er.¹

Breytingar á aldurssamsetningu hafa áhrif á uppbyggingu veittrar þjónustu. Brýnt er að efla þjónustu við aldraða í nærsamfélagi okkar og grípa tækifæri til heilsueflingar og aukinna lífsgæða fyrir eldra fólk.

Helstu áskoranir í sveitarfélaginu í þjónustu við aldraða snúa að löngum biðlista eftir hjúkrunarrýmum og auknum þjónustupunga þeirra sem eiga samþykkt færni- og heilsumat. Biðlisti eftir hjúkrunarrými var hlutfallslega lengstur á Vestfjörðum miðað við landsvísu árið 2020². Áhersla hefur verið lögð á kynningu á félagslegri þjónustu og hvatningu til nýtingar hennar þegar þörf er á. Samvinna við heimahjúkrun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða hefur reynst vel og stefnt er að frekari þróun hennar með það að markmiði að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu við einstaklinga.

Dagþjálfun á dagdeild

Dagdeild er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum. Úrræðið er styrkt með framlögum frá ríkinu. Dagdeild er ætlað að rjúfa félagslega einangrun aldraðra og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. Þar er boðið upp á tómstundaiðju, léttu hreyfingu, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Þjónusta er fjölbreytt og leitast er við að hafa hana einstaklingsmiðaða.

Dagdeildir innan sveitarfélagsins eru tvær, annarsvegar á Hlíf Ísafirði og hinsvegar í Sunnuhlíð á Suðureyri sem er rekin samhliða félagsstarfi þar. Nýting úrræða hefur verið mismunandi milli staða. Árið 2020 bárust 18 umsóknir um dagþjálfun á Ísafirði og það sem af er ári 2021 hafa velferðarsviði borist 11 umsóknir um dagþjálfun. Engar umsóknir hafa borist um dagþjálfun á Suðureyri árin 2020-2021. Almenn dagdvalarrými í sveitarfélaginu eru 13 talsins. Á árinu 2020 voru 8 dagdvalarrými skráð á Ísafirði, en 5 dagdvalarrými á Suðureyri. Í lok árs 2020 óskaði velferðarsvið eftir heimild til Sjúkratrygginga Íslands til að flytja 3 dagdvalarrými frá

¹ Hagstofa Íslands. (17. desember 2020). *Mannfjöldaspá 2020-2069*.

² [Embætti landlæknis](#). (2020). *Biðlisti eftir hjúkrunarrými 2020*

Suðureyri á Ísafjörð á grundvelli breytinga á þjónustubörf. Erindið var samþykkt frá og með 1. júní 2021.

Opnunardagar í Sunnuhlíð Suðureyri eru 4 í viku, en aðsókn er mjög mismunandi, stundum engin. Lokað er yfir sumartímam. Dagdvalarrýmin tvö sem enn eru skráð á Suðureyri eru vannýtt úrræði. Þeir sem sækja þjónustuna leita eftir þátttöku í félagsstarfi aldraðra en eru ekki í þörf fyrir dagþjálfun. Vert er að benda á að þörfin fyrir öflugt félagsstarf er afar brýn.

Dagþjálfun á Hlíf Ísafírði er opin alla virka daga og aðsókn hefur verið góð. Ljóst er að mikil þörf er á að efla sértæka þjónustu við fólk með heilabilun, ásamt stuðningi við aðstandendur þeirra. Aukin áhersla hefur verið lögð á fræðslu til starfsmanna í þjónustu við aldraðra um heilabilun og áhrif hennar.

Stuðningsþjónusta

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir dagslegs lífs og/eða til að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta hefur það meginmarkmið að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi. Stuðningsþjónusta felur í sér félagslegan stuðning, aðstoð við heimilisþrif, hvatningu í formi innlits, aðstoð við innkaup og heimsendingu hádegisverðar. Eldri borgarar sem eru ófærir um að nýta almenningsamgöngur eða eigin bifreið geta einnig sótt um akstursþjónustu.

Þjónustunotendur hjá Ísafjarðarbæ í stuðningsþjónustu eru um 120-140 manns. Stór meirihluti þeirra teljast til aldraðra.

Breytingar urðu á lögum um félagsþjónustu nr. 40/1990 á árinu 2018. Þar var grunnþjónsta endurskilgreind þannig að sveitarfélög skulu veita allt að 15 klukkustundum í viku í þjónustu við einstaklinga á grundvelli þjónustumats.

Í ljósi aukinnar eftirspurnar eftir félagslegri þjónustu við aldraða á kvöldin hóf stuðningsþjónusta tilraunarverkefni sem fólst í að veita innlit á virkum dögum í kvöldþjónustu. Verkefnið fór af stað í sumar og hefur haft mjög jákvæð áhrif, en er ennþá í mótun. Þjónustan er liður í því að framfylgja stefnu Ísafjarðarbæjar í félags og velferðarmálum, þar sem tilgreint er að vinna skuli að eflingu heimaþjónustu með kvöld- og helgarþjónustu þegar þörf er á.

Mikilvægt er að skoða kosti sem felast í innleiðingu á velferðartækni í stuðningsþjónustu.

Á árinu 2020 skapaðist brýn þörf á að veita heimsendingu matar til aldraðra á helgum til viðbótar við þjónustu á virkum dögum. Þjónustan er við lýði ennþá og hefur reynst vel á tímum heimsfaraldurs. Vonir eru bundnar til að þjónustan sé komin til að vera.

Félagsstarf aldraðra

Covid-19 hefur haft mjög neikvæð áhrif á félagsstarf, félagsleg samskipti og samvinnu um tómstundatengd úrræði.

Markmið félagsstarfs eldri borgara er að fyrirbyggja félagslega einangrun aldraðra, hvetja til skapandi athafna og finna þekkingu, reynslu og hæfileikum þátttakenda farveg. Félags- og tómstundastarf aldraðra er starfrækt með áherslu á fjölbreytt viðfangsefni, þannig að það henti sem flestum. Áhersla er lögð á gott samstarf við félög eldri borgara í sveitarfélaginu og leitast við að fá aldraða sjálfa til þátttöku í skipulagningu félagsstarfs þar sem það getur stuðlað að meiri sjálfbærni starfsins sem og valdeflingu. Félagsstarfið veitir félagsskap og er sniðið að aðstæðum í þjónustustöðvum.

Félagsstarf er starfrækt á Flateyri, Suðureyri, Þingeyri og Ísafirði. Einnig er samvinna við félagsstarf aldraðra í Súðavík á grundvelli samninga sveitarfélaganna um sameiginlega félagsþjónustu.

Aðkallandi er að efla félagsstarf aldraðra og bjóða góða aðstöðu til þess. Sporna þarf gegn félagslegri einangrun og einmanaleika aldraðra sem hefur aukist á Covid-19 tímabilinu. Leggja þarf áherslu á heilsueflingu, tómstundir, geðrækt, hreyfingu og forvarnir sem auka lífsgæði fólks.

Í ljósi ofanritaðs er lagt til við velferðarnefnd að hún ræði eftirfarandi tillögur til eflingar öldrunarþjónustu og marki sér stefnu um áherslur í þjónstu við aldraða.

1. Lagt er til að óskað verði eftir 4-5 sérhæfðum dagdvalarrýmum fyrir fólk með heilabilun til þess að efla dagþjálfun í sveitarfélaginu.
2. Lagt er til að dagþjálfun verði veitt þar sem þjónustuhörf er fyrir hendi.
3. Lagt er til að þróun stuðningsþjónustu í formi kvöld- og helgarþjónustu verði haldið áfram.
4. Að boðið verði upp á aðstöðu og fjölbreytt félagsstarf aldraðra með það að markmiði að bæta lífsgæði fólks.
5. Velferðartækni í stuðningsþjónustu verði innleidd hið fyrsta til að efla gæði þjónstunnar og eftirfylgni.